

3. mars 2021

Tilkynning frá Aðföngum vegna innköllunar á SFC Boneless Bucket 650g

Með hliðsjón af öryggi og velferð neytenda hafa SFC Wholesale Ltd, í Bretlandi, og Aðföng ákveðið að taka úr sölu og innkalla **SFC Boneless Bucket** í 650g pakkningu.

Ástæða innköllunarinnar er að Salmonella hefur fundist í einni framleiðslulotu af vörunni.

Varan fékkst í verslunum Hagkaups, en hefur verið innkölluð þaðan.

Upplýsingar um vöruna:

Vöruheiti: *SFC Boneless Bucket*

Nettó magn: *650g*

Strikamerki: *5031532020629*

Geymsluskilyrði: *Frystivara, -18°C*

Lotunúmer: *L19720*

Best fyrir dagsetning: *28-11-2021*

Viðskiptavinum Hagkaups sem keypt hafa vöruna er ráðið frá því að neyta hennar og er bent á að þeir geta skilað henni í verslunina þar sem hún var keypt gegn fullri endurgreiðslu. SFC Wholesale Ltd og Aðföng biðja viðskiptavini verslananna sem kunna að hafa orðið fyrir óþægindum vegna þessa innilegrar afsökunar.

Nánari upplýsingar veitir gæðastjóri Aðfanga í síma 530-5600 eða í gegnum netfangið [gaedastjori\[at\]adfong.is](mailto:gaedastjori[at]adfong.is)

